

Borgþór Kjærnested



Borgþór Vestfjörð og er Svavarsson Kjærnested

og er fæddur í Sandgerði 3. september 1943. Foreldrar, Svavar F. Kjærnested garðyrkjumeistari og Hjálmfríður Ólöf Þorsteinsdóttir, garðyrkjumaður, forstöðumaður o.fl.

Er alinn upp í Ásum í Stafholtstungum, Mýrarsýslu til 1958, en þá flutti fjölskyldan til Reykjavíkur. Sótti nám í grundvígskum lýðháskóla í Borgå/Porvoo í Finnlandi 1961-62.

Bjó og starfaði í Finnlandi og Svíþjóð árin 1963 til 1975 og lauk þar námi í dagskrárgerð og túlkun.

Vann við finnska útvarpið og sótti námskeið í blaðamennsku 1973 til 1975.

Flutti til Íslands 1975 og starfaði sem fréttaritari finnska útvarpsins 1975 til 1984, norrænu fréttastöðvanna með Ritzau Bureau sem dreifingarmiðstöð 1977 til 1981. Rak eigin fréttapjónustu og útvarpsdagskrárgerð fyrir finnska YLE, sænska SR og íslenska RÚV og miðlun sjónvarpsfrétta til Finnlands og Svíþjóðar 1975 til 1984. Ráðstefnutúlkur, fararstjóri og leiðsögumaður erlendra ferðamanna á Íslandi og erlendis 1978 til 1985.

Framkvæmdastjóri Sambands norrænu félaganna, með aðsetur í Helsingfors, 1. október 1984 til 1. júlí 1988.

Rak eigin fréttapjónustu, þýðingamiðstöð, túlkun og ferðapjónustu í Reykjavík 1988 til 1990.

Framkvæmdastjóri Norræna flutningamannasambandsins, NTF 1. október 1990 með aðsetur í Stokkhólmi til 1. október 1996.

Starfsmaður Sjómannafélags Reykjavíkur sem eftirlitsfulltrúi Alþjóða flutningamannasambandsins ITF frá 1. október 1996 til 1. október 2003.

Framkvæmdastjóri Landssambands eldri borgara 1. október 2005 til 1. janúar 2009.

Sambýliskona frá 2005 Hrafnhildur Schram.

ÚTGEFIÐ EFNI:

Þýðingar: Árið 2005 Ísland, land frosts og funa. Ferðasaga jarðfræðingsins dr., livari Leiviskä um Ísland árin 1925 og 1926.2011 Bók Hermans Lindqvist um NAPOLEÓN á íslensku.2016. Dagbækur Kristjáns X um samskipti við Íslendinga og íslenskar aðstæður 1908 – 1932.Handrit tilbúið til prentunar. Kemur út síðla árs 2017 eða byrjun árs 2018 v/100 ára fullveldis Íslands.

Sigurbjörg Gísladóttir



Fædd 14.11.1948

Er í sambúð með Hreini Hjartarsyni veðurfræðingi. Við eigum 3 uppkomin börn og 7 barnabörn

Menntun:Háskólinn í Ósló, lífræn efnafræði, Cand. Real. 1978. Háskólinn í Ósló, raunvísindadeild, Cand. Mag. 1972, aðalnámsgreinar; efnafræði og grasafræði. Menntaskólinn í Reykjavík, stærðfræðideild, stúdentspróf 1968

Starfsferill:

Vottunarstofan Tún: Verkefnastjóri 2014-2019, vinna við rekjanleikavottun í sjávarútvegi. Er nú í vottunarnefnd fyrir sjálfbærar sjávarnytjar.

Norræna ráðherranefndin: Verkefnastjóri fyrir Norræna nefnd um eiturefni og hættuleg efni 2008-2013

Umhverfisstofnun: Forstöðumaður stjórnsýslusviðs 2003-2007

Hollustuvernd ríkisins: Forstöðumaður eiturefna og hollustuháttasviðs 1992-2002; Sérfræðingur á mengunarvarnasviði, loftmengunarmálefni 1984-1992

Flensborgarskóli: Efnafræðikennari 1980-1984

Rannsóknastofnun Fiskiðnaðarins: Sérfræðingur / efnafræðideild 1979.

Ýmiss skammtíma störf á námsárunum.

Á starfsævi minni hef ég unnið að ýmisskonar félagsstörfum: Var trúnaðarmaður á vinnustað þegar ég starfaði sem kennari, sat lengi í stjórn Félags íslenskra náttúrufræðinga og ýmsum nefndum á vegum þess félags þ.m.t. í vísindanefnd og orlofsnefnd. Sat einnig í orlofsnefnd Bandalags háskólamanna í nokkur ár. Ég hef alla tíð verið virk í pólitísku starfi og gegnt ýmsum trúnaðarstörfum á þeim vettvangi, þar með talin seta í nefndum á vegum Reykjavíkurborgar. Sat í stjórn Landsvirkjunar í nokkur ár. Ég hef verið varaformaður í stjórn Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrennis (FEB) frá því árið 2020. Á þessu tímabili hef ég sinnt ýmsu starfi á vegum félagsins þ.m.t seta í Öldungaráði Reykjavíkur, í kjaranefnd FEB, í fulltrúaráði Leigufélags Aldraðra og í stjórn Leigufélags aldraðra. Ég hef einnig verið fulltrúi í kjaranefnd Landsambands eldri borgara (LEB) frá því árið 2019.

Helstu áhugamál: Félagsmál, heilsurækt, bridge, ljósmyndun, ferðalög, gönguferðir, gönguskiði, garðyrkja, skógrækt og umhverfismál.

Ég sækist eftir því að verða formaður FEB þar sem ég vonast eftir því að reynsla mín í stjórn félagsins muni nýtast í baráttunni við að bæta kjör og gæta hagsmuna eldri borgara. Það er að mínu mati algjörlega óásættanlegt hvað kjör eldri borgara hafa versnað jafnt og þétt á síðustu árum.

Sigurður Ágúst Sigurðsson



Framboðstilkygning

13. febrúar 2024

Ég, Sigurður Ágúst Sigurðsson, fv. forstjóri DAS, gef kost á mér til formanns í Félagi eldri borgara í Reykjavík og nágrenni á aðalfundi félagsins sem fram fer hinn 21. febrúar nk.

Verði ég kjörinn formaður FEB mun ég leggja mitt að mörkum til að viðhalda og bæta það góða félagsstarf sem nú er rekið innan félagsins. Þá mun ég berjast gegn því óréttlæti sem eldri borgurum er sýnt á allt of mörgum sviðum, en draga verður verulega úr tekjuskerðingum þess hóps sem fær ellilífeyrir almannatrygginga frá Tryggingastofnun. Jafnframt er nauðsynlegt að fleiri úrræði verði í boði í húsnæðismálum aldraða en lífaldur fólks fer hækkandi og eldra fólki fjölgandi.

Ég hef víðtæka reynslu í aðkomu að uppbyggingu dvalarheimila á vegum Sjómannadagsráðs höfuðborgarsvæðisins, en sl. 30 ár hefur Sjómannadagsráð staðið fyrir uppbyggingu 500 öryggis- og þjónustuíbúða og auk þess að taka að sér rekstur 6 hjúkrunarheimila auk Hrafnistu í Reykjavík og Hrafnistu í Hafnarfirði.

Ég lét nýverið af störfum sem forstjóri Happraettis DAS, þar sem ég stýrði félaginu í 33 ár og sat stjórnarfundum Sjómannadagsráðs höfuðborgarsvæðisins. Áður starfaði ég sem aðalbókari Hrafnistuheimilanna og sem slökkviliðs- og sjúkraflutningamaður hjá Slökkviliði Reykjavíkur (nú SHS).

Ég er fæddur árið 1953 og ólst upp í Smáíbúðahverfinu í Reykjavík. Ég er kvæntur Guðrúnu B. Björnsdóttur læknaritara og eigum við saman þrjár dætur og fjögur barnabörn. Ég útskrifaðist úr Verzlunarskóla Íslands og síðar úr Háskólanum í Reykjavík í fjármálum og rekstri.

Ég sit í stjórn Malbikunarstöðvarinnar Höfða og hef auk þess víðtæka reynslu af stjórnar- og nefndarstörfum. Þá hefur ég setið í fjölda nefnda á vegum dómsmálaráðuneytisins vegna starfa minna fyrir Happraetti DAS.

Enn fremur hef ég komið að starfi íþróttahreyfingarinnar, en ég var formaður handknattleiksdeildar ÍR í fjögur ár og leikmaður meistaraflokks ÍR og KA í handbolta á mínum yngri árum.

Virðingarfyllt,

Sigurður Ágúst Sigurðsson,

Sverrir Kaaber



Ferilsskrá mín.

Eftir útskrift úr Verzlunarskóla Íslands hélt ég áfram að vinna hjá Sjóvá, sagði þar upp 1971 og hóf störf hjá Verkfæri og járnvörur hf. Sem sölustjóri og síðar framkvæmdastjóri. Árið 1980 hóf ég störf hjá Varnarliðinu þar sem ég var skrifstofu og fjármálastjóri, síðar innkaupastjóri, þangað til að Varnarliðið fór 2006.

Síðan vann ég við stjórnun nokkura félaga tengdum veitingarekstri. Í lok árs 2019 hætti fjölskyldan rekstri Icelandic fish & chips í Tryggvagötunni.

Á yngri árum var ég í nokkrum nefndum fyrir Hafnarfjarðarbæ, hef setið í stjórnnum SKB, og Viðeyingarfélagsins, Sóknarnefnd Grafarvogsprestakalls. Var félagi í Kiwanishreyfingunni í 25 ár og fleirum mannbætandi félögum. Er í dag í bakvarðarsveit Rauða krossins.

Ég hef haft góðan tíma fyrir mig en vil gjarnan komast aftur í stjórn Félags eldri borgara og gef því kost á mér sem formaður FEB á aðalfundi félags okkar 21. Febrúar 2024. Er heilsuhraustur og hress og tilbúinn að leggja mitt fram til framgangs félagsins til næstu tveggja ára.

Reykjavík, 31. Janúar 2024

Sverrir Örn Kaaber, Efstaleiti 14, 103 Reykjavík.